

Eineltisáætlun Álfaborgar



Leikskólinn
Svalbarðseyri
Sími:

Álfaborg
464-5505

Netfang:
Heimasíða: skolar.svalbardsstrond.is

alfaborg@svalbardsstrond.is

Inngangur

Markmið með eineltisáætluninni er að gera starfsfólk leikskólans meðvitaðra um einelti í allri sinni mynd þannig að það þekki einkennin og geti brugðist við þeim. Mikilvægt er að allir starfsmenn leggi sömu merkingu í orðið einelti. Einelti er skilgreint sem *langvarandi ofbeldi, andlegt eða líkamlegt sem stýrt er af einstaklingi eða hóp og beinist að einstaklingi eða jafnvel einstaklingum sem ekki eru færir um að verja sig. Stríðni, átök og einstakur ágreiningur milli jafningja telst ekki til eineltis.*

Þegar vitneskja um einelti berst til leikskólans frá nemendum, forráðamönnum eða starfsfólki skólans, er henni komið sem allra fyrst til leikskólastjóra. Hann ákveður næstu skref samkvæmt áætlun þessari og kallar til samstarfs við sig þá aðila sem þurfa þykir. Fyllsta trúnaðar er gætt við meðferð eineltismála.

Einelti birtist í mörgum myndum, það getur verið:

- Líkamlegt: barsmíðar, spörk, hrindingar...
- Munnlegt: uppnefni, niðrandi athugasemdir, endurtekin stríðni...
- Óbeint: baktal, útskúfun, útilokun úr félagahópi...
- Efnislegt: eignum stolið, þær eyðilagðar...
- Andlegt: þvingun til að gera eitthvað sem stríðir gegn réttlætiskennd og sjálfsvirðingu, gera eitthvað gegn eigin vilja...

Forvarnir gegn einelti í leikskólanum

Til að sporna við einelti er mikilvægt að vinna með samskipti, umburðarlyndi, vináttu, félagsþroska, samkennd, samhygð og að setja sig í spor annarra. Einnig að styrkja einstaklinginn og byggja hann upp til framtíðar. Starfsmenn eiga að vera jákvæðar fyrirmyndir, vanda orð sín og athafnir og bera virðingu fyrir tilfinningum og sérkennum annarra. Haga skal forvörnum gegn einelti í leikskólanum þannig að:

- Leikskólastjóri beri ábyrgð á að eineltisáætlun sé kynnt reglulega.

- Leikskólastjóri sé alltaf ábyrgur fyrir þeirri vinnu sem fer í gang varðandi einelti. Hann sjái um að upplýsingar og vitneskja berist á viðeigandi staði eftir eðli málsins. Einnig beri hann höfuðábyrgð á að farið sé eftir þessari áætlun.
- Það sé á ábyrgð allra starfsmanna leikskólans að fara eftir þessari áætlun.
- Deildarstjóri hafi reglulega umræðu á deildarfundum um líðan, samskipti, hegðun og virðingu.
- Starfsfólk stýri reglulega umræðu meðal barnanna um líðan, samskipti, hegðun og virðingu.
- Starfsfólk geri reglulega athuganir á samskiptum, félagslegum tengslum og líðan barnanna.
- Starfsfólk þjálfí börn í að vinna saman og sýna hverju öðru samkennd, virðingu, tillitssemi, sveigjanleika og umburðarlyndi og nýti til þess ýmis námsefni skólans sem kennir jákvæð og uppbyggjandi samskipti.
- Starfsfólk vinni með vináttu verkefni Barnaheilla, Blær, með börnunum. Þá er unnið með tilfinningar, félagsleg samskipti og börnunum hjálpað að túlka aðstæður.
- Starfsfólk lesi t.d. Bangsinn hennar Birnu og Mía, Moli og Maríus: Vandræðasögur, ásamt öðrum bókum reglulega, þar sem unnið er með mannúð, þakklæti, hjálparstarf og tilfinningar.
- Stuðlað sé að samvinnu heimila og leikskóla, t.d. með fræðslu um einelti fyrir foreldra.
- Eftirlit sé haft með öllum starfsstöðvum leikskólans, s.s. útisvæði, leikstofum og í vettvangsferðum eins og kostur er.
- Skoðaðar séu reglulega aðstæður í leikskólanum með tilliti til eineltis.
- Kennarar stuðli að góðum skólabrag þar sem ríkir góður andi, jákvæð og uppbyggjandi samskipti, virðing, hjálpssemi og gleði.

Það sem við getum öll gert: börn, forráðamenn og kennarar

- Rækta góð samskipti við aðra, minni líkur eru á einelti þar sem góð samskipti ríkja.
- Taka einelti alvarlega og reyna að koma í veg fyrir að það eigi sér stað.
- Afla góðra upplýsinga þegar við verðum vör við einelti.

- Hvetja börnin til að segja frá einelti og styðja við bakið á þeim. Börn þurfa að fá tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og fá viðurkenningu um að það sé eðlilegt að ræða þær.
- Hjálpa sérhverju barni sem verður fyrir einelti.
- Aðstoða börn sem leggja önnur börn í einelti við að breyta hátterni sínu.
- Gera börnunum grein fyrir að einelti í leikskóla hefur áhrif á starf og líðan allra á deildinni þar sem einelti viðgengst.
- Upplýsa börn og fullorðna um að einelti skekkir sjálfsmynd og skerðir sjálfstraust þeirra sem fyrir því verða.
- Koma vitneskju um einelti til starfsmanna sem láta leikskólastjóra vita.
- Vera vakandi fyrir líðan og félagslegri stöðu barnanna.
- Styrkja sjálfsmynd barna og kenna þeim umburðarlyndi, samhygð, vináttu, virðingu fyrir fjölbreytni og að setja sig í spor annarra.
- Stuðla að jákvæðum samskiptum barna innan sem utan leikskólatíma.

Verkátætlun vegna eineltis í barnahópnum

Ábending/grunur um einelti

Þegar vitneskja berst um einelti til leikskólans frá nemanda, forráðamönnum eða starfsfólki leikskólans er henni komið til leikskólastjóra og deildarstjóra. Leikskólastjóri og/eða deildarstjóri greinir málið samkvæmt skilgreiningu leikskólans á einelti og kallar til samstarfs við sig þá aðila sem þurfa þykir. Eftir að grunur vaknar um ofbeldi eða ábending búin að berast er leitað eftir upplýsingum frá kennurum og öðrum sem koma að skólastarfinu. Deildarstjóri safnar saman upplýsingum og skráir hver verður fyrir einelti, hver beitir því, tíðni, hvar það á sér stað o.fl. (dæmi um skráningarblað er neðst í skjalinu). Deildarstjóri og leikskólastjóri ákveða síðan næstu skref eftir eðli málsins, hér gegnir skráning lykilhlutverki.

Atvikaskráning/rannsókn

1. Ef metið er að um einelti sé að ræða gerir leikskólastjóri, deildarstjóra, tengilið farsældar og forráðamönnum málsaðila grein fyrir stöðunni. Þegar einelti er staðfest er málið samþætt í þágu farsældar barns og viðeigandi verkferlar fara af stað. Farið er yfir:
 - Hver viðbrögð leikskólans eru til að aðstoða þolanda og geranda/gerendur.

- Hvað forráðamenn geta gert til aðstoðar barni sínu, bæði þolanda og geranda/gerenda, ásamt leikskólanum og hver ábyrgð forráðamanna er í eineltismálum.
 - Að foreldrar geti sjálfir haft samband við leikskólastjóra.
 - Samstarf foreldra og deildarstjóra um að fylgja málinu eftir.
2. Deildarstjóri gerir viðkomandi starfsfólki grein fyrir stöðu mála. Deildarstjóri og/eða leikskólastjóri gera forráðamönnum grein fyrir stöðu mála.
 3. Unnin er áætlun sem allir kennarar kynna sér og fara eftir. Ekki er unnt að gefa upp ákveðnar vinnureglur heldur skal litið á hvert mál sem einstakt.
 4. Viðkomandi starfsfólk heldur atvikaskráningu yfir leikskóladaginn sem deildarstjóri skráir í dagbók ásamt öllu ferlinu. Forráðamenn eru einnig hvattir til að skrá hjá sér málsatvik og það sem kemur fram heima. Leikskólastjóri fylgist með framgangi málsins.
 5. Meta þarf árangur áætlunar og hvort náðst hafi að uppræta eineltið. Gangi ekki að uppræta eineltið innan veggja leikskólans er leitað til Fræðslu- og lýðheilsusviðs Akureyrarbæjar.

Hugmyndir að námsefni og aðferðum til að vinna með í áætlun

- Blær, vináttuverkefni Barnaheilla (fri for Mobberi)
- Samræður með sögum, bækur
- Félagsfærnisögur
- Hlutverkaleikur

Blær, vinátta

Blær er forvarnarverkefni gegn einelti og byggir á að einelti er á ábyrgð hinna fullorðnu. Þeir sem umgangast börn daglega er sá hópur sem hefur tækifæri til þess að fyrirbyggja einelti og ber þeim skylda til þess, hinn fullorðni er fyrirmynd barnanna í orði og verki. Grunnildin fjögur eru:

- Umburðarlyndi – að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og koma fram við alla af virðingu.
- Virðing – að viðurkenna og taka tillit til allra barna í hópnum, að vera öllum góður félagi og virða mismunandi háttarni annarra.

- Umhyggja – að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi, að hafa skilning á stöðu annarra.
- Hugrekki – að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk, að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

Efnið byggir á samræðuspjöldum þar sem unnið er með raunverulegar aðstæður sem geta komið upp og stuðlað að reynslu barnanna. Nuðdsögur eru notaðar til að nánd milli barnanna skapist. Bangsinn Blær er táknmynd vináttunnar í verkefninu og minnir hann börnin á að gæta hvers annars, öll börn í leikskólanum eiga sinn eigin Blæ bangsa. Starfsmenn eru hvattir til að nota sem fjölbreyttustu verkefni svo að öll börnin geti nýtt styrkleika sína og lagt sitt af mörkum til að vera góður félagi og sýnt vináttu, umhyggju og hugrekki.

Samræður með sögum, bækur

Bókmenntir eru áhrifaríkur miðill sem getur veitt nemendum á öllum aldri innsýn í reynsluheim og tilfinningar tengdar einelti. Bókmenntir, skapandi skrif og umræður nemenda gefa þeim tækifæri til að öðlast dýpri skilning á sjálfum sér og eigin viðbrögðum í mismunandi samhengi með mismunandi fólki. Í gegnum sögurnar læra nemendur meira um eðli vandans og læra að þekkja hvað það er sem fær sögupersónurnar til þess að leggja aðra í einelti. Nemendur öðlast betri skilning á afleiðingum eineltis og í gegnum sögupersónurnar glíma þeir við þau félagslegu og tilfinningalegu vandamál sem allir þeir sem lenda í eineltisaðstæðum á einhvern hátt þurfa að fást við. Starfsfólk leikskólans getur stundum verið með fámenna hópa og getur þannig betur fylgst með og fylgt eftir hverjum einstaklingi. T.d. þegar búið er að lesa bók, sem dæmi Litla ljóta andarungann, þá getur starfsmaður unnið með hópinn sinn og farið náið ofan í söguþráðinn og unnið með söguna í hópastarfi. Það er oft auðveldara að styrkja ung börn sem eru enn í mótun, þannig er best að koma inn í þann þátt forvarna að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust barnanna þegar þau eru yngri.

Dæmi um bækur:

- Bína bálreiða
- Litla og stóra skrímslið
- Regnbogafuglinn

- Bangsinn hennar Birnu (sögur í vináttu töskunni)
- Má ég vera memm?
- Mía, Moli og Maríus: Vandræðasögur
- Lífsspeki Bangsímmons, vinátta

Gott getur verið að nota loðtöflu sögur og hljóðbækur. Ýmis smáforrit eru til þar sem börn geta sagt frá sínum reynsluheimi, teiknað og skrifað (með hjálp kennara) og fengið útrás fyrir tilfinningar sínar.

Félagsfærnisögur

Félagsfærnisögur geta aðstoðað börn við að upplifa og vinna sig í gegnum tilfinningar sem vakna í ýmsum aðstæðum. Félagsfærnisögur er t.d. hægt að nota þegar samskipti í barnahópnum eru á rangri leið eða þegar ósætti kemur upp. Dæmi um verkefni: Barn A verður uppvíst að því að skilja markvisst barn B útundan. Starfsmaður tekur A (einstaklingslega eða með öðrum börnum) og býr til sögu um barn sem ítrekað er skilið útundan í leik. Umræður eru fengnar í gang með börnunum um það hvernig því barni líður, hvaða tilfinningar koma upp. Spurningar sem hæg ert að spyrja eru t.d.

- Hvernig líður barninu (sem er skilið útundan)? – er það leitt, sárt, reitt o.s.frv.?
- Hvað gera börnin sem skilja útundan rangt?
- Hvernig geta börnin sem skilja útundan bætt sig?
- Hvernig getur barnið sem skilið er útundan brugðist við?
- Hvað geta vinirnir (áhorfendur) gert til að hjálpa?

Hlutverkaleikur

Ein mikilvægasta kennsluáðferðin í félagsfærnikennslu er að nota hlutverkaleik. Börnin læra mest af því að framkvæma og því er starfsfólk hvatt til að nýta sér hlutverkaleikinn. Það er lögð rík áhersla á virka þátttöku starfsfólks í öllum leik barna og í hlutverkaleikjum ætti starfsfólk að leika hlutverk barns, ekki einhvers annars starfsmanns. Auk þess sem börnin eru fengin til að leika hlutverk, fá þau að leika með t.d. dúkkum. Hlutverkaleikina má svo vinna með þessum dúkkum og helst eiga börnin að geta leikið sér með þær í frjálsum leik líka. Ef barn á í erfiðleikum með boðskipti eða ef félagsleg færni þess er lítil, þarf starfsmaðurinn að stoða það við að skilja boðskiptin og að komast inn í hópinn.

Starfsmaðurinn þarf að skapa gott andrúmsloft inni á deildinni svo að börnin finni

fyrir hlýju og öryggi. Starfsmaðurinn á að geta huggað, hughreyst og stutt börnin í að þroskast sem einstaklingar. Ef hann áttar sig á því að ákveðin hegðun barns gæti leitt síðar meir til eineltis hvort sem barnið yrði þolandi eða gerandi þá er það hlutverk hans að styðja viðkomandi, það þarf að styrkja sjálfsmynd barnsins með öllum ráðum. Hlutverkaleikir geta því bæði hjálpað tilvonandi þolendum sem og gerendum. Í hlutverkaleikjum læra börnin að þekkja sínar eigin tilfinningar sem og að virða annarra, einnig læra þau að taka tillit til annarra og eiga samskipti hvort við annað.

Dæmi um verkefni, Ávaxtakarfan:

- Hlusta á Ávaxtakörfuna og leika atriði úr henni þar sem ein/n er Mæja jarðarber og Gedda gulrót. Immi ananas er vondur, fyrst við Mæju og svo Geddu. Mæja fer líka að vera vond við Geddu en áttar sig svo á hegðun sinni og fer að hjálpa Geddu.

Gott er að ræða um hvort það megi láta svona, hvort það megi uppnefna eða stríða þó svo að einhver sé öðruvísi.

Mikilvægt er að allir komi út úr eineltismálum með reisu og því mikilvægt að allir séu vakandi og fordómalausir.

Yfirfarið í febrúar 2026

Ábyrgðarmaður: Guðrún Hallfríður Björnsdóttir, leikskólastjóri

Skráningarblað vegna gruns um einelti

Nafn þess sem talin(n) er verða fyrir einelti:	
Kt:	Deild:
Deildarstjóri:	Dags.:

Ábending – grunur

Nafn þess sem vekur athygli á málinu:	
Tengsl við barnið:	Hver tekur við ábendingu?
Nafn hugsanlegs geranda/gerenda:	
Hversu lengi er talið að eineltið hafi átt sér stað?	
Hvernig birtist eineltið?	

Könnun – atvikaskráning

Hvernig fór könnun/atvikaskráning fram? (viðtöl (við hvern?), áhorf, samræður o.fl.)
Helstu niðurstöður óformlegrar athugunar:

Framkvæmd

Mál tilkynnt til leikskólastjóra þann:	
Mál tilkynnt foreldrum þolanda þann:	Mál tilkynnt foreldrum gerenda þann:
Mál kynnt fyrir starfsfólki deildar þann:	
Punktur frá fundum með foreldrum:	

Áætlun

Hver eru næstu skref:
Aðkoma sérfræðings? Hverra?
Stuðningur við þolanda:
Ábyrgðaraðili:
Stuðningur við geranda/gerendur:
Ábyrgðaraðili:

Eftirfylgni

Leikskólastjóri/deildarstjóri/tengiliður farsældar þann:	Niðurstaða:
Í foreldraviðtölum þann:	Niðurstaða: